

Nd.

55. Frumvarp

til laga um sölu kirkjujarðarinnar Mið-Sámsstaða.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búnaðarfélagi Íslands kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíðarhreppi innan Rangárvallasýslu fyrir fjögur þúsund krónur, frá fardögum 1933 að telja.

2. gr.

Kaupverðið greiðist eins og venja er, þá er kirkjujarðir eru seldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis flutti í fyrra frumvarp sama efnis sem þetta. Var það þá samþ. í efri deild og sent allshn. neðri deildar, en frumvarpið kom aldrei til umræðu í neðri deild.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni dómsmálaráðuneytisins og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Búnaðarfélag Íslands hefir um nokkur ár rekið tilraunastöð á Mið-Sámsstöðum og lagt þar mikið í kostnað. Þykir því sjálfsagt að verða við tilmælum félagsins um að fá jörðina til eignar. Til skýringar er eftirfarandi bréfkaflí frá félaginu:

„Aðalverkefni tilraunastöðvarinnar skyldi vera grasfrærækt af innlendum stofni, og auk þess kornræktartilraunir, og þær hafa fram að þessu verið aðalviðfangsefni stöðvarinnar, meðan verið er að undirbúa landið til grasfræræktar, og hafa borið góðan árangur.

Tún jarðarinnar var ekki --- og gat ekki verið — fallið til þeirrar tilraunastarfsemi, sem framundan var. Varð því að taka nýtt land til ræktunar, og eru það um 10 ha., sem nú er búið að brjóta og taka í þjónustu tilraunastarfseminnar.

Bæjarhús voru hrörleg og voru þau endurbætt til stórra muna 1927, en þó ekki svo, að til frambúðar geti verið. Nokkuð hefir verið sléttað í túninu, nýræktarlandið þurrkað með framræslu, meiri hluti landsins umgirtur, auk inngirðinga, og hlöður byggðar yfir uppskeruna. Verður yfirlit um þessar framkvæmdir þannig:

A. Jarðabætur:

1. Opnir skurðir fullgerðir 1450 m. = 2175 m ³ , er gerir	272	dagsv.
2. Lokræsi 550 m.	31	—
3. Netgirðingar 4200 m.	1050	—
4. Nýrækt 10 ha.	2500	—
5. Þúfnasléttun 1½ ha.	233	—

Alls 4086 dagsv.

B. Húsabyggingar:

1. Stofuhús 12x6½ al., og		
2. Eldhús 7x2½ al.	kr.	2500.00
3. Kornhlaða 12x7,5, vegg hæð 3,5 m. krossreist, og		
4. Kornhlaða 12x20, vegg hæð 4,2 krossreist	—	18500.00

Samtals kr. 21000.00

Jarðabæturnar eru hér lagðar í dagsverk eftir gildandi reglum, og húsintalin á því verði, sem þau eru metin af virðingarmönnum Búnaðarbankans. En kostnaðarverð þeirra er um kr. 28000.00.

Og sé jarðabótadagsverk metið 6 krónur, eins og Búnaðarbankinn gerir þegar hann veitir lán úr Ræktunarsjóði til jarðabóta, þá hafa þær kostað 24516.00.

Eru það því alls kr. 52516.00, sem félagið hefir kostað til jarðabóta og bygginga á jörðinni, síðan það fékk hana til ábúðar.

Vegna þessara framkvæmda tók félagið 15000 kr. ræktunarsjóðslán 19. des. 1930, gegn afgjaldskvöð, að þar til fengnu leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. En styrk samkv. jarðræktarlögunum fyrir unnar jarðabætur hefir félagið engan fengið, en hann nemur 1 kr. á dagsverkið.

Sjálf er jörðin, eftir núgildandi fasteignamati, virt á kr. 2800.00 og hús á jörðinni kr. 1100.00. En jarðarhús þau, er félagið tók við, voru virt aðeins kr. 200.00. Hitt eru leiguliðahús, sem félagið hefir keypt. Er því eign kirkjunnar í jörðinni eftir þessu aðeins krónur 3000.00, enda er landstærðin alls, tún, engi og beitiland, aðeins 100 ha., eða sem næst því. Auk þess fylgja jörðinni 2 kýr og 1½ ásauðarkúgildi, sem eftir reglum um framtal til skatts gerir 2x200,00 plús 9x20,00, eða alls kr. 580.00.

Af framansögðu er ljóst, að það verðmæti, sem nú er bundið í og við jörðina, er að langmestu leyti til orðið fyrir starfsemi Búnaðarfélagsins, og þess eign. Þó eru þær framkvæmdir, sem að framan eru taldar, aðeins byrjun á þeim framkvæmdum, sem félagið vill og þarf að gera þarna í framtíðinni, og hugmyndin er að taka til ræktunar svo fljótt sem ástæður leyfa allt land jarðarinnar fyrir neðan tún, en það er um 33 ha., og það er mjög aðkallandi að byggja þegar á næstu árum við þjóðveginn íbúðarhús, sem samsvarar og fullnægir tilraunastarfseminni í bráð og lengd. Smækkar þá hlutur kirkjujarðasjóðs í jarðeigninni hlutfallslega meira og meira, eftir því sem fyrirhuguðum framkvæmdum félagsins miðar áfram, og verður hverfandi litill.

Af þessum ástæðum og m. a. til þess að félagið geti veðsett jörðina fyrir byggingarláni, sem það þarf að fá, telur það sér nauðsynlegt að fá jörðina til fullrar eignar. Þess vegna var á síðasta Búnaðarþingi samþykkt með samhljóða atkvæðum svo hljóðandi ályktun:

„Að fela stjórn félagsins að fara þess á leit við þing og stjórn, að Búnaðarfélag Íslands fái kirkjujörðina Mið-Sámsstaði í Fljótshlíð til fullrar eignar og óskertra afnota fyrir tilraunastöð þá, er félagið rekur þar nú“.

Nú má bæta því við framanskráða greinargerð, að síðastl. ár hefir Búnaðarfélag Íslands látið byggja á Sámsstöðum myndarlegt íbúðarhús úr steinsteypu, kjallara, stofuhæð og ris með kvistum, allt innréttað til íbúðar fyrir starfsmenn tilraunastöðvarinnar, ásamt skrifstofu og rannsóknarstofu fyrir forstöðumann tilraunanna. Byggingarkostnaður er orðinn yfir 20 þús. krónur, og er byggingin þó ekki fullgerð, og þótt félagið hafi getað staðið straum af byggingarkostnaðinum af tekjum sínum, þá breytir það ekki þeirri nauðsyn félagsins að fá full eignarráð á jörðinni“.